

Nr. 19-127 S 073 Tjúlla GK 29***Strandar í Faxaflóa***

Skipaskr.nr. 2595
Útgerð: Gotti ehf
Smíðaður: Sandgerði 2004, trefjaplast.
Stærð: 10,66 bt
Mesta lengd: 10,25 m Skráð lengd: 10,24 m
Breidd: 3,28 m Dýpt: 1,33 m
Vél: Cummins, 187 kw, 2004
Fjöldi skipverja: 1



Tjúlla©Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. ágúst 2019 var Tjúlla GK 29 á makrílveiðum með handfærum í Faxaflóa. Veður: NNV 0,1 m/s.

Tilkynning barst frá skipstjóra bátsins til Vaktstöðvar siglinga um að hann væri strandaður mitt á milli Helguvíkur og Garðskaga og óskaði eftir aðstoð. Stuttu síðar tilkynnti skipstjórinn að báturinn væri laus en skrúfan væri skemmd. Enginn leki kom að bátinum og gat hann siglt undir eigin vélarafli.

Björgunarbátur frá Garði ásamt björgunarskipinu Hannes Þ. Hafsein fylgdu bátinum til hafnar í Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var á makrílveiðum á grunnslóð með stefnið upp í fjöru og dýpið undir honum um 1,5 meter;
- að þegar skipstjórinn hugðist hætta veiðum bakkaði hann bátinum frá fjörunni en þegar dýpið var orðið um 2,0 m snéri hann bátinum rólega en með þeim afleiðingum að skuturinn lenti upp á grjóti;
- að skrúfan og stýrisblaðið skemmdust.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var aðgæsluleysi við stjórnun bátsins.